AUGLÝSING

um alþjóðlegan samning um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá.

Aðildarskjal Íslands vegna alþjóðlegs samnings um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá, sem gerður var í Brussel 14. júní 1983, var afhent aðalritara Tollasamvinnuráðsins 28. október 1987. Jafnframt var afhent samþykktarskjal vegna bókunar við samninginn sem gerð var í Brussel 24. júní 1986. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1988.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2. Þó eru ekki birtir viðaukar við samninginn en hægt er að sjá þá í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. nóvember 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐLEGUR SAMNINGUR
um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá

INNGANGUR

Aðilar að þessum samningi sem gerður er að frumkvæði Tollasamvinnuráðsins

sem óska eftir að auðvelda alþjóðleg viðskipti,

sem óska eftir að auðvelda söfnun, samanburð og greiningu tölfræðilegra upplýsinga, sérstaklega að því er varðar alþjóðleg viðskipti,

sem óska eftir að lækka kostnað sem stafar af endurlýsingu, endurflokkun og endurskráningu á vörum þegar þær flytjast úr einu flokkunarkerfi í annað vegna alþjóðlegra viðskipta, og að auðvelda stöðlun viðskiptaskjala og gagnamiðlun,

sem hafa í huga að tæknibreytingar og breytingar á alþjóðlegum viðskiptaháttum krefjast víðtækra breytinga á samningnum um nafnaskrá til tollflokkunar á vörum, sem gerður var í Brussel 15. desember 1950,

sem hafa einnig í huga að sú nákvæmni í sundurgreiningu vegna tolls og skýrslugerðar sem ríkisstjórnir og viðskiptahagsmunir krefjast, hefur aukist langt umfram getu nafnaskrárinnar sem er viðauki við áðurnefndan samning,

sem hafa í huga mikilvægi nákvæmra og sambærilegra upplýsinga vegna alþjóðlegrar samningagerðar í viðskiptum,

sem hafa í huga að samræmdu skránni er ætlað að nýtast í tengslum við flutningsgjaldskrár og skýrslugerðir um vöruflutninga með hinum ýmsu flutningsmáti,

INTERNATIONAL CONVENTION
on the Harmonized Commodity Description and Coding System

PREAMBLE

The Contracting Parties to this Convention, established under the auspices of the Customs Co-operation Council,

Desiring to facilitate international trade,

Desiring to facilitate the collection, comparison and analysis of statistics, in particular those on international trade,

Desiring to reduce the expense incurred by redescribing, reclassifying and recoding goods as they move from one classification system to another in the course of international trade and to facilitate the standardization of trade documentation and the transmission of data,

Considering that changes in technology and the patterns of international trade require extensive modifications to the Convention on Nomenclature for the Classification of Goods in Customs Tariffs, done at Brussels on 15 December 1950,

Considering also that the degree of detail required for Customs and statistical purposes by Governments and trade interests has increased far beyond that provided by the Nomenclature annexed to the above-mentioned Convention,

Considering the importance of accurate and comparable data for the purposes of international trade negotiations,

Considering that the Harmonized System is intended to be used for the purposes of freight tariffs and transport statistics of the various modes of transport,

sem hafa í huga að ætlast er til að samræmda skráin verði felld inn í viðskiptalegar vörulýsinga- og vörunúmeraskrár á eins víðtækan hátt og hægt er,

sem hafa í huga að samræmdu skránni er ætlað að stuðla að eins náinni samræmingu og unnt er milli inn- og útflutningsskýrslugerðar og framleiðsluskýrslugerðar,

sem hafa í huga að nánu samræmi skal haldið milli samræmdu skrárinnar og hinnar stöðluðu alþjóðlegu vöruflokkunarskrár Sameinuðu þjóðanna (SITC),

sem hafa í huga að æskilegt er að framangreindum þörfum sé fullnægt með sameinaðri toll- og skýrsluskrá sem jafnframt nýtist hinum ýmsu hagsmunaaðilum í alþjóðlegum viðskiptum,

sem hafa í huga mikilvægi þess að tryggja að samræmdu skránni sé haldið við með tilliti til tæknibreytinga og breytinga á alþjóðlegum viðskiptaháttum,

sem hafa tekið tillit til þeirrar vinnu, sem innt hefur verið af hendi í samskrárnefndinni sem Tollasamvinnuráðið stofnaði,

sem hafa í huga að þótt áðurnefndur nafnaskrársamningur hafi reynst vera áhrifamikið tæki til að ná sumum þessara markmiða, er besta leiðin til að ná tilætluðum árangri í þessu efni að gera nýjan alþjóðlegan samning,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Skýrgreiningar

Í þessum samningi merkir:

a. „samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskráin“ sem hér eftir verður nefnd „samræmda skráin“ nafnaskrána, sem er viðauki við þennan samning og samanstendur af vöruliðum og undirliðum með viðeigandi númeraskrá, athugasemdum við flokka, kafla og undirliði og almennum túlkunarreglum fyrir samræmdu skrána,

b. „tollskrá“ nafnaskrá, sem lögfest er af samningsaðila í þeim tilgangi að leggja tolla á innfluttar vörur,

c. „skýrsluskrá“ vöruheitaskrá, sem komið er upp af samningsaðila fyrir gagnasöfnun vegna skýrslugerðar um inn- og útflutningsviðskipti,

d. „sameinuð toll- og skýrsluskrá“ nafnaskrá, sem sameinar tollskrá og skýrsluskrá og lögbundin

Considering that the Harmonized System is intended to be incorporated into commercial commodity description and coding systems to the greatest extent possible,

Considering that the Harmonized System is intended to promote as close a correlation as possible between import and export trade statistics and production statistics,

Considering that a close correlation should be maintained between the Harmonized System and the Standard International Trade Classification (SITC) of the United Nations,

Considering the desirability of meeting the aforementioned needs through a combined tariff/statistical nomenclature, suitable for use by the various interests concerned with international trade,

Considering the importance of ensuring that the Harmonized System is kept up-to-date in the light of changes in technology or in patterns of international trade,

Having taken into consideration the work accomplished in this sphere by the Harmonized System Committee set up by the Customs Co-operation Council,

Considering that while the above-mentioned Nomenclature Convention has proved an effective instrument in the attainment of some of these objectives, the best way to achieve the desired results in this respect is to conclude a new international Convention,

Have agreed as follows:

Article 1

Definitions

For the purpose of this Convention:

(a) the Harmonized Commodity Description and Coding System, hereinafter referred to as the Harmonized System, means the Nomenclature comprising the headings and subheadings and their related numerical codes, the Section, Chapter and Subheading Notes and the General Rules for the interpretation of the Harmonized System, set out in the Annex to this Convention;

(b) Customs tariff nomenclature means the nomenclature established under the legislation of a Contracting Party for the purposes of levying duties of Customs on imported goods;

(c) statistical nomenclatures means goods nomenclatures established by a Contracting Party for the collection of data for import and export trade statistics;

(d) combined tariff/statistical nomenclature means a nomenclature, integrating Customs tariff

er af samningsaðila vegna tollskýrslugerðar um vörur við innflutning,

e. „samningurinn um stofnun ráðsins“ samninginn um stofnun Tollasamvinnuráðsins sem gerður var í Brussel 15. desember 1950,

f. „ráðið“ Tollasamvinnuráðið, sem um getur í e-lið hér að ofan,

g. „aðalritarinn“ aðalritara ráðsins,

h. „fullgilding“ fullgildingu, samþykki eða viðurkenningu.

2. gr.
Viðaukinn

Viðaukinn við þennan samning er óaðskiljanlegur hluti hans og sérhver tilvísun í samninginn felur í sér tilvísun í viðaukann.

3. gr.
Skyldur samningsaðila

1. Háð þeim undantekningum sem taldar eru upp í 4. gr:

a. Skuldbindur hver samningsaðili sig, með þeim frávikum sem kveðið er á um í c-lið þessarar greinar, til að sjá um að frá þeim degi er samningur þessi gengur í gildi gagnvart honum verði tollskrá hans og skýrsluskrá í samræmi við samræmdu skrána. Að því er varðar tollskrá og skýrsluskrá samningsaðila skuldbindur hann sig þannig til:

i) að nota alla vöruliði og undirliði samræmdu skrárinnar án viðbóta eða breytinga ásamt tilheyrandi númeraskrá,

ii) að beita hinum almennu reglum um túlkun samræmdu skrárinnar og öllum athugasemdum við flokka, kafla og undirliði og að breyta ekki umfangi flokka, kafla, vöruliða eða undirliða í samræmdu skránni, og

iii) að fylgja númeraröð samræmdu skrárinnar.

b. Skal sérhver samningsaðili birta opinberlega innflutnings- og útflutningsskýrslur sínar samkvæmt sex tölustafa kerfi samræmdu skrárinnar eða ítarlegar, að frumkvæði samningsaðilans, að því marki að birting sé ekki útilokuð af sérstökum ástæðum, svo sem vegna viðskiptaleyndar eða þjóðaröryggis.

c. Skulu ákvæði þessarar greinar ekki skylda samningsaðila til að nota undirliði samræmdu

and statistical nomenclatures, legally required by a Contracting Party for the declaration of goods at importation;

(e) the Convention establishing the Council means the Convention establishing a Customs Co-operation Council, done at Brussels on 15 December 1950;

(f) the Council means the Customs Co-operation Council referred to in paragraph (e) above;

(g) the Secretary General means the Secretary General of the Council;

(h) the term ratification means ratification, acceptance or approval.

Article 2
The Annex

The Annex to this Convention shall form an integral part thereof, and any reference to the Convention shall include a reference to the Annex.

Article 3
Obligations of Contracting Parties

1. Subject to the exceptions enumerated in Article 4:

(a) Each Contracting Party undertakes, except as provided in subparagraph (c) of this paragraph, that from the date on which this Convention enters into force in respect of it, its Customs tariff and statistical nomenclatures shall be in conformity with the Harmonized System. It thus undertakes that, in respect of its Customs tariff and statistical nomenclatures:

(i) it shall use all the headings and subheadings of the Harmonized System without addition or modification, together with their related numerical codes;

(ii) it shall apply the General Rules for the interpretation of the Harmonized System and all the Section, Chapter and Subheading Notes, and shall not modify the scope of the Sections, Chapters, headings or subheadings of the Harmonized System; and

(iii) it shall follow the numerical sequence of the Harmonized System;

(b) Each Contracting Party shall also make publicly available its import and export trade statistics in conformity with the six-digit codes of the Harmonized System, or, on the initiative of the Contracting Party, beyond that level, to the extent that publication is not precluded for exceptional reasons such as commercial confidentiality or national security;

(c) Nothing in this Article shall require a Contracting Party to use the subheadings of the Har-

skrárinnar í tollskrá sinni, enda uppfylli hann skyldur sínar samkvæmt ákvæðum liða i), ii) og iii) a-liðar í sameinaðri toll- og skýrsluskrá.

2. Til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt a-lið 1. tl. þessarar greinar, getur samningsaðili gert þær textabreytingar sem nauðsynlegar kunna að reynast, til að samræmda skráin öðlist gildi í landslögum hans.

3. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðili stofni til undirskiptinga í tollskrá sinni eða skýrsluskrá er flokki vörur ítarlegar en samræmda skráin, enda sé slíkum undirskiptingum bætt við og þær skráðar utan sviðs sex tölustafa kerfisins sem tilgreint er í viðaukanum við þennan samning.

4. gr.

Takmörkuð beiting í þróunarlöndum

1. Sérhver samningsaðili sem er þróunarland, getur frestað beitingu sumra eða allra undirliða í samræmdu skránni svo lengi sem nauðsynlegt kann að vera með tilliti til umsvifa hans í alþjóðaviðskiptum eða getu stjórnvalda.

2. Samningsaðili sem er þróunarland, og ákveður að beita samræmdu skránni að hluta samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, samþykkir að gera sitt besta til að samræmda skráin með fullum sex tölustöfum taki gildi innan fimm ára frá þeim degi er samningur þessi gengur í gildi gagnvart honum, eða innan lengri tímamarka svo sem nauðsynlegt kann að reynast með tilliti til ákvæða í 1. tl. þessarar greinar.

3. Samningsaðili sem er þróunarland, og ákveður að beita samræmdu skránni að hluta samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal beita öllum eða engum af tveggja strika undirliðum við eins striks undirliði, eða öllum eða engum af eins striks undirliðum. Þegar um er að ræða þannig beitingu að hluta skal breyta sjötta eða fimmta og sjötta tölutákni í þeim hluta samræmdu skrárinnar í „0" eða „00" eftir því sem við á.

4. Þróunarland sem ákveður að beita samræmdu skránni að hluta samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal, þegar það gerist samningsaðili, tilkynna aðalritaranum um þá undirliði sem það mun ekki beita á þeim degi þegar samninguri nn gengur í gildi gagnvart því, og það skal einnig tilkynna aðalritaranum um þá undirliði sem það mun beita eftir það.

monized System in its Customs tariff nomenclature provided that it meets the obligations at (a) (i), (a) (ii) and (a) (iii) above in a combined tariff/statistical nomenclature.

2. In complying with the undertakings at paragraph 1(a) of this Article, each Contracting Party may make such textual adaptations as may be necessary to give effect to the Harmonized System in its domestic law.

3. Nothing in this Article shall prevent a Contracting Party from establishing, in its Customs tariff or statistical nomenclatures, subdivisions classifying goods beyond the level of the Harmonized System, provided that any such subdivision is added and coded at a level beyond that of the six-digit numerical code set out in the Annex to this Convention.

Article 4

Partial application by developing countries

1. Any developing country Contracting Party may delay its application of some or all of the subheadings of the Harmonized System for such partially under the provisions of this Article agrees to make its best efforts towards the applica-resources.

2. A developing country Contracting Party which elects to apply the Harmonized System partially under the provisions of this Article agrees to make its best efforts towards the application of the full six-digit Harmonized System within five years of the date on which this Convention enters into force in respect of it or within such further period as it may consider necessary having regard to the provisions of paragraph 1 of this Article.

3. A developing country Contracting Party which elects to apply the Harmonized System partially under the provisions of this Article shall apply all or none of the two-dash subheadings of any one one-dash subheading or all or none of the one-dash subheadings of any one heading. In such cases of partial application, the sixth digit or the fifth and sixth digits of that part of the Harmonized System code not applied shall be replaced by "0" or "00" respectively.

4. A developing country which elects to apply the Harmonized System partially under the provisions of this Article shall on becoming a Contracting Party notify the Secretary General of those subheadings which it will not apply on the date when this Convention enters into force in respect of it and shall also notify the Secretary General of those subheadings which it applies thereafter.

5. Sérhvert þróunarland, sem ákveður að beita samræmdu skránni að hluta samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur, er það gerist samningsaðili, tilkynnt aðalritaranum að það skuldbindi sig formlega til að beita samræmdu skránni með fullum sex tölutáknum innan þriggja ára frá þeim degi er þessi samningur gengur í gildi gagnvart því.

6. Sérhver samningsaðili sem er þróunarland, og beitir samræmdu skránni að hluta samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, er leystur undan skyldum samkvæmt 3. gr. að því er varðar undirliði sem ekki er beitt.

5. Any developing country which elects to apply the Harmonized System partially under the provisions of this Article may on becoming a Contracting Party notify the Secretary General that it formally undertakes to apply the full six-digit Harmonized System within three years of the date when this Convention enters into force in respect of it.

6. Any developing country Contracting Party which partially applies the Harmonized System under the provisions of this Article shall be relieved from its obligations under Article 3 in relation to the subheadings not applied.

5. gr.

Tækniaðstoð við þróunarlönd

Samningsaðilar sem eru þróuð lönd skulu veita þróunarlöndum, sem þess óska, tækniaðstoð samkvæmt gagnkvæmt samþykktum skilmálum, að því er varðar m.a. þjálfun starfsfólks, flutning fyrirliggjandi nafnaskráa yfir í samræmdu skrána og ráðgjöf um það hvernig hinni fluttu skrá verði haldið við með breytingum á samræmdu skránni, eða hvernig beita skuli ákvæðum þessa samnings.

Article 5

Technical assistance for developing countries

Developed country Contracting Parties shall furnish to developing countries that so request, technical assistance on mutually agreed terms in respect of, inter alia, training of personnel, transposing their existing nomenclatures to the Harmonized System and advice on keeping their systems so transposed up-to-date with amendments to the Harmonized System or on applying the provisions of this Convention.

6. gr.

Samskrárnefnd

1. Stofnuð skal samkvæmt þessum samningi nefnd er kallist samskrárnefnd, sem í eru fulltrúar frá hverjum samningsaðila.

2. Hún skal að öllu jöfnu koma saman tvisvar á ári.

3. Fundir hennar skulu boðaðir af aðalritaranum og skulu haldnir í aðalstöðvum ráðsins nema samningsaðilar ákveði annað.

4. Í samskrárnefndinni skal hver samningsaðili eiga rétt á einu atkvæði. Þegar tolla- eða efnahagsbandalag svo og eitt eða fleiri af aðildarríkjum þess eru samningsaðilar, skulu þeir þó, að því er varðar þennan samning og framtíðarsamningum að skaðlausu, fara sameiginlega með aðeins eitt atkvæði. Gerist öll aðildarríki tolla- eða efnahagsbandalags, sem rétt hefur til að gerast samningsaðili samkvæmt ákvæðum í b-lið 11. gr., samningsaðilar, skulu þau á sama hátt fara sameiginlega með aðeins eitt atkvæði.

5. Samskrárnefndin sjálf skal kjósa sér formann og einn eða fleiri varaformenn.

Article 6

Harmonized System Committee

1. There shall be established under this Convention a Committee to be known as the Harmonized System Committee, composed of representatives from each of the Contracting Parties.

2. It shall normally meet at least twice each year.

3. Its meetings shall be convened by the Secretary General and, unless the Contracting Parties otherwise decide, shall be held at the Headquarters of the Council.

4. In the Harmonized System Committee each Contracting Party shall have the right to one vote; nevertheless, for the purposes of this Convention and without prejudice to any future Convention, where a Customs or Economic Union as well as one or more of its Member States are Contracting Parties such Contracting Parties shall together exercise only one vote. Similarly, where all the Member States of a Customs or Economic Union which is eligible to become a Contracting Party under the provisions of Article 11 (b) become Contracting Parties, they shall together exercise only one vote.

5. The Harmonized System Committee shall elect its own Chairman and one or more Vice-Chairmen.

6. Hún skal sjálf setja sér fundarsköp og skal sú ákvörðun tekin með eigi minna en tveim þriðju hluta atkvæða nefndarmanna. Fundarsköp, sem þannig eru sett, skulu hljóta samþykki ráðsins.

7. Hún skal, eftir því sem hún telur tilefni til, bjóða milliríkja- eða öðrum alþjóðastofnunum þátttöku í störfum nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúar.

8. Hún skal koma upp undirnefndum eða vinnuhópum eftir þörfum, sérstaklega með tilliti til ákvæða í a-lið 1. tl. 7. gr., og hún skal ákvarða um aðild, atkvæðisrétt og fundarsköp slíkra undirnefnda eða vinnuhópa.

6. It shall draw up its own Rules of Procedure by decision taken by not less than two-thirds of the votes attributed to its members. The Rules of Procedure so drawn up shall be approved by the Council.

7. It shall invite such intergovernmental or other international organizations as it may consider appropriate to participate as observers in its work.

8. It shall set up Sub-Committees or Working Parties as needed, having regard, in particular, to the provisions of paragraph 1(a) of Article 7, and it shall determine the membership, voting rights and Rules of Procedure for such Sub-Committees or Working Parties.

7. gr.
Starfssvið nefndarinnar

1. Samskrárnefndin skal með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hafa eftirgreint starfssvið:

a. að gera tillögur um breytingar á þessum samningi eftir því sem æskilegt getur talist, sérstaklega með tilliti til þarfa notenda og tæknibreytinga eða breytinga á alþjóðlegum viðskiptaháttum,

b. að ganga frá skýrgreiningum, flokkunarúrskurðum og öðrum ráðgefandi ritum til túlkunar á samræmdu skránni,

c. að ganga frá tillögum er tryggi samræmda túlkun og beitingu samræmdu skrárinnar,

d. að safna saman og dreifa upplýsingum varðandi beitingu samræmdu skrárinnar,

e. að miðla að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni hvers kyns upplýsingum eða ráðgjöf varðandi flokkun vöru í samræmdu skránni til samningsaðila, meðlima ráðsins eða til milliríkja- eða alþjóðastofnana eftir því sem nefndin kann að telja viðeigandi,

f. að leggja fram skýrslur á hverjum fundi ráðsins um störf nefndarinnar, þ.m.t. breytingartillögur, skýrgreiningar, flokkunarúrskurði og aðra ráðgjöf,

g. að framkvæma önnur umboðsstörf eða verkefni er varða samræmdu skrána eftir því sem ráðið eða samningsaðilar kunna að telja þörf fyrir.

2. Ákvarðanir samskrárnefndarinnar á stjórnunarsviði sem leiða mundu til fjárútgjalda skulu háðar samþykki ráðsins.

Article 7
Functions of the Committee

1. The Harmonized System Committee, having regard to the provisions of Article 8, shall have the following functions:

(a) to propose such amendments to this Convention as may be considered desirable, having regard, in particular, to the needs of users and to changes in technology or in patterns of international trade;

(b) to prepare Explanatory Notes, Classification Opinions or other advice as guides to the interpretation of the Harmonized System;

(c) to prepare recommendations to secure uniformity in the interpretation and application of the Harmonized System;

(d) to collate and circulate information concerning the application of the Harmonized System;

(e) on its own initiative or on request, to furnish information or guidance on any matters concerning the classification of goods in the Harmonized System to Contracting Parties, to Members of the Council and to such intergovernmental or other international organizations as the Committee may consider appropriate;

(f) to present Reports to each Session of the Council concerning its activities, including proposed amendments, Explanatory Notes, Classification Opinions and other advice;

(g) to exercise such other powers and functions in relation to the Harmonized System as the Council or the Contracting Parties may deem necessary.

2. Administrative decisions of the Harmonized System Committee having budgetary implications shall be subject to approval by the Council.

8. gr.
Hlutverk ráðsins

1. Ráðið skal rannsaka tillögur um breytingar á þessum samningi, sem undirbúnar eru af samskrárnefndinni, og koma þeim á framfæri til samningsaðila samkvæmt ákvæðum 16. gr., nema einhver meðlimur ráðsins sem er aðili að þessum samningi óski þess að tillögunum eða einhverjum hluta þeirra sé vísað aftur til nefndarinnar til endurskoðunar.

2. Skýrgreiningar, flokkunarúrskurðir, önnur ráðgjöf um túlkun samræmdu skrárinnar og tillögur, sem miða að samræmdri túlkun og beitingu samræmdu skrárinnar sem unnar eru á fundi samskrárnefndarinnar samkvæmt ákvæðum í 1. tl. 7. gr., skulu teljast samþykktar af ráðinu ef enginn aðili að þessum samningi hefur fyrir lok annars mánaðar frá því er þeim fundi nefndarinnar lauk tilkynnt aðalritaranum að hann óski eftir að málinu verði vísað til ráðsins.

3. Sé máli vísað til ráðsins samkvæmt ákvæðum í 2. tl. þessarar greinar, skal ráðið samþykkja slíkar skýrgreiningar, flokkunarúrskurði, aðra ráðgjöf eða tillögur, nema einhver meðlimur ráðsins sem er aðili að þessum samningi óski þess að þeim sé vísað aftur að öllu leiti eða að hluta til nefndarinnar til endurskoðunar.

Article 8
Role of the Council

1. The Council shall examine proposals for amendment of this Convention, prepared by the Harmonized System Committee, and recommend them to the Contracting Parties under the procedure of Article 16 unless any Council Member which is a Contracting Party to this Convention requests that the proposals or any part thereof be referred to the Committee for re-examination.

2. The Explanatory Notes, Classification Opinions, other advice on the interpretation of the Harmonized System and recommendations to secure uniformity in the interpretation and application of the Harmonized System, prepared during a session of the Harmonized System Committee under the provisions of paragraph 1 of Article 7, shall be deemed to be approved by the Council if, not later than the end of the second month following the month during which that session was closed, no Contracting Party to this Convention has notified the Secretary General that it requests that such matter be referred to the Council.

3. Where a matter is referred to the Council under the provisions of paragraph 2 of this Article, the Council shall approve such Explanatory Notes, Classification Opinions, other advice or recommendations, unless any Council Member which is a Contracting Party to this Convention requests that they be referred in whole or part to the Committee for re-examination.

9. gr.
Tolltaxtar

Samningsaðilar takast ekki á hendur með þessum samningi neinar skuldbindingar að því er varðar tolltaxta.

Article 9
Rates of Customs duty

The Contracting Parties do not assume by this Convention any obligation in relation to rates of Customs duty.

10. gr.
Úrlausn ágreiningsmála

1. Sérhver ágreiningur milli samningsaðila varðandi túlkun eða framkvæmd þessa samnings skal, eftir því sem við verður komið, leystur með samningum milli þeirra.

2. Sérhverjum ágreiningi sem ekki er leystur þannig skulu deiluaðilar vísa til samskrárnefndarinnar sem tekur þá ágreiningsefnið til athugunar og gerir tillögur um úrlausn þess.

3. Sé samskrárnefndin ekki fær um að leysa ágreininginn skal hún vísa málinu til ráðsins sem gera skal tillögur í samræmi við ákvæði í e-lið 3. gr. samningsins um stofnun ráðsins.

Article 10
Settlement of disputes

1. Any dispute between Contracting Parties concerning the interpretation or application of this Convention shall, so far as possible, be settled by negotiation between them.

2. Any dispute which is not so settled shall be referred by the Parties to the dispute to the Harmonized System Committee which shall thereupon consider the dispute and make recommendations for its settlement.

3. If the Harmonized System Committee is unable to settle the dispute, it shall refer the matter to the Council which shall make recommendations in conformity with Article III (e) of the Convention establishing the Council.

4. Deiluaðilar geta samþykkt fyrirfram að fallast á tillögur nefndarinnar eða ráðsins sem bindandi.

11. gr.

Hæfni til að gerast samningsaðili

Eftirfarandi geta gerst aðilar að þessum samningi:

a. Ríki sem eru meðlimir að ráðinu.

b. Tolla- eða efnahagsbandalög sem veitt hefur verið umboð til að gerast aðilar að samningum er varða einhver eða öll þeirra málefna sem fjallað er um í þessum samningi.

c. Sérhvert annað ríki sem um það fær boð frá aðalritaranum samkvæmt fyrirmælum ráðsins.

12. gr.

Reglur um hvernig gerast skuli samningsaðili

1. Sérhvert ríki eða tolla- eða efnahagsbandalag, sem heimilt er að gerast aðili, getur gerst aðili að þessum samningi:

a. með því að undirrita hann án fyrirvara um fullgildingu,

b. með því að afhenda til vörslu fullgildingarskjöl eftir að hafa undirritað samninginn með fyrirvara um fullgildingu, eða

c. með því að gerast aðili að honum eftir að samningurinn er ekki lengur opinn til undirritunar.

2. Þessi samningur skal vera opinn til undirritunar í aðalstöðvum ráðsins í Brussel til 31. desember 1986 þeim ríkjum og tolla- eða efnahagsbandalögum, sem getið er um í 11. gr.. Eftir það skal hann vera opinn fyrir aðild þeirra.

3. Fullgildingar- eða aðildarskjöl skulu afhent aðalritaranum til vörslu.

13. gr.

Gildistaka

1. Samningur þessi skal ganga í gildi 1. janúar þess árs er að minnsta kosti 12 mánuðir en ekki meira en 24 mánuðir hafa liðið frá því er minnst 17 ríki eða tolla- eða efnahagsbandalög sem getið er um í 11. gr. hér að framan hafa undirritað hann, án fyrirvara um fullgildingu eða hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín til vörslu, en þó ekki fyrr en 1. janúar 1987.

2. Að því er varðar ríki eða tolla- eða efnahagsbandalag, sem undirritar án fyrirvara um fullgildingu, fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að þeim lágmarksfjölda sem tilgreindur er í 1. tl. þessarar greinar er náð, skal samningur þessi ganga í gildi 1. janúar þess árs er að minnsta kosti

4. The Parties to the dispute may agree in advance to accept the recommendations of the Committee or the Council as binding.

Article 11

Eligibility to become a Contracting Party

The following are eligible to become Contracting Parties to this Convention:

(a) Member States of the Council;

(b) Customs or Economic Unions to which competence has been transferred to enter into treaties in respect of some or all of the matters governed by this Convention; and

(c) Any other State to which an invitation to that effect has been addressed by the Secretary General at the direction of the Council.

Article 12

Procedure for becoming a Contracting Party

1. Any eligible State or Customs or Economic Union may become a Contracting Party to this Convention:

(a) by signing it without reservation of ratification;

(b) by depositing an instrument of ratification after having signed the Convention subject to ratification; or

(c) by acceding to it after the Convention has ceased to be open for signature.

2. This Convention shall be open for signature until 31 December 1986 at the Headquarters of the Council in Brussels by the States and Customs or Economic Unions referred to in Article 11. Thereafter, it shall be open for their accession.

3. The instruments of ratification or accession shall be deposited with the Secretary General.

Article 13

Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the first of January which falls at least twelve months but not more than twenty-four months after a minimum of seventeen States or Customs or Economic Unions referred to in Article 11 above have signed it without reservation of ratification or have deposited their instruments of ratification or accession, but not before 1 January 1987.

2. For any State or Customs or Economic Union signing without reservation of ratification, ratifying or acceding to this Convention after the minimum number specified in paragraph 1 of this Article is reached, this Convention shall enter into force on the first of January which falls at least

12 mánuðir en ekki meira en 24 mánuðir hafa liðið frá því er það hefur undirritað samninginn án fyrirvara um fullgildingu eða hefur afhent til vörslu fullgildingar- eða aðildarskjöl sín, nema það tilgreini fyrri gildistökudagsetningu. Þó skal gildistökudagsetning samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ekki vera fyrir þá gildistökudagsetningu sem kveðið er á um í 1. tl. þessarar greinar.

14. gr.

Beiting á landsvæðum sem háð eru öðrum

1. Sérhvert ríki getur, þegar það gerist aðili að þessum samningi eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalritarans að samningurinn skuli ná til allra eða einhverra þeirra landsvæða sem það annast alþjóðleg samskipti fyrir og nefnd eru í tilkynningunni. Slík tilkynning skal ganga í gildi 1. janúar þess árs er að minnsta kosti 12 mánuðir en ekki meira en 24 mánuðir hafa liðið frá því er aðalritarinn veitti henni viðtöku, nema fyrri dagsetning sé tilgreind í tilkynningunni. Þessi samningur skal þó ekki ná til slíkra landsvæða fyrr en hann hefur gengið í gildi gagnvart viðkomandi ríki.

2. Samningur þessi skal falla úr gildi gagnvart nefndu landsvæði þann dag sem samningsaðilinn hættir að annast alþjóðleg samskipti fyrir það landsvæði eða við fyrri dagsetningu sem kann að verða tilkynnt aðalritaranum samkvæmt ákvæðum 15. gr.

15. gr.

Uppsögn

Samningur þessi er ótímabundinn. Þrátt fyrir það getur sérhver samningsaðili sagt honum upp og skal slík uppsögn ganga í gildi einu ári eftir að aðalritaranum hefur borist uppsagnarskjal, nema tilgreind sé í því síðari dagsetning.

16. gr.

Framkvæmd breytinga

1. Ráðið getur gert tillögur um breytingar á samningi þessum til samningsaðila.

2. Sérhver samningsaðili getur með tilkynningu til aðalritarans mótmælt breytingartillögu en getur síðar afturkallað slík mótmæli innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 3. tl. þessarar greinar.

3. Sérhver breytingartillaga skal teljast vera samþykkt 6 mánuðum eftir dagsetningu tilkynningar frá aðalritaranum, enda séu ekki nein mótmæli fyrir hendi í lok þess tímabils.

twelve months but not more than twenty-four months after it has signed the Convention without reservation of ratification or has deposited its instrument of ratification or accession, unless it specifies an earlier date. However, the date of entry into force under the provisions of this paragraph shall not be earlier than the date of entry into force provided for in paragraph 1 of this Article.

Article 14

Application by dependent territories

1. Any State may, at the time of becoming a Contracting Party to this Convention, or at any time thereafter, declare by notification given to the Secretary General that the Convention shall extend to all or any of the territories for whose international relations it is responsible, named in its notification. Such notification shall take effect on the first of January which falls at least twelve months but not more than twenty-four months after the date of the receipt thereof by the Secretary General, unless an earlier date is specified in the notification. However, this Convention shall not apply to such territories before it has entered into force for the State concerned.

2. This Convention shall cease to have effect for a named territory on the date when the Contracting Party ceases to be responsible for the international relations of that territory or on such earlier date as may be notified to the Secretary General under the procedure of Article 15.

Article 15

Denunciation

This Convention is of unlimited duration. Nevertheless any Contracting Party may denounce it and such denunciation shall take effect one year after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary General, unless a later date is specified therein.

Article 16

Amendment procedure

1. The Council may recommend amendments to this Convention to the Contracting Parties.

2. Any Contracting Party may notify the Secretary General of an objection to a recommended amendment and may subsequently withdraw such objection within the period specified in paragraph 3 of this Article.

3. Any recommended amendment shall be deemed to be accepted six months after the date of its notification by the Secretary General provided that there is no objection outstanding at the end of this period.

4. Samþykktar breytingar skulu ganga í gildi gagnvart öllum samningsaðilum við aðra af eftirtöldum tímasetningum:

a. Þegar breytingartillagan er tilkynnt fyrir 1. apríl skal dagsetningin vera 1. janúar á öðru ári eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar.

b. Þegar breytingartillagan er tilkynnt 1. apríl eða síðar skal dagsetningin vera 1. janúar á þriðja ári eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar.

5. Skýrsluskrá sérhvers samningsaðila og tollskrá hans eða sameinuð toll- og skýrsluskrá þegar ákvæði í c-lið 1. tl. 3. gr. eiga við, skulu samræmdar hinni breyttu samræmdu skrá á þeim dagsetningum sem tilgreindar eru í 4. tl. þessarar greinar.

6. Sérhvert ríki eða tolla- eða efnahagsbandalag sem undirritar án fyrirvara um fullgildingu, fullgildir eða gerist aðili að samningi þessum skal teljast hafa samþykkt allar breytingar á honum sem gengið hafa í gildi eða samþykktar hafa verið samkvæmt ákvæðum í 3. tl. þessarar greinar þann dag sem hann gerðist samningsaðili.

4. Accepted amendments shall enter into force for all Contracting Parties on one of the following dates:

(a) where the recommended amendment is notified before 1 April, the date shall be the first of January of the second year following the date of such notification, or

(b) where the recommended amendment is notified on or after 1 April, the date shall be the first of January of the third year following the date of such notification.

5. The statistical nomenclatures of each Contracting Party and its Customs tariff nomenclature or, in the case provided for under paragraph 1 (c) of Article 3, its combined tariff/statistical nomenclature, shall be brought into comformity with the amended Harmonized System on the date specified in paragraph 4 of this Article.

6. Any State or Customs or Economic Union signing without reservation of ratification, ratifying or acceding to this Convention shall be deemed to have accepted any amendments thereto which, at the date when it becomes a Contracting Party, have entered into force or have been accepted under the provisions of paragraph 3 of this Article.

17. gr.

Réttindi samningsaðila að því er varðar samræmdu skrána

Í sérhverju máli sem snertir samræmdu skrána skulu 4. tl. 6. gr., 8. gr. og 2. tl. 16. gr. veita samningsaðila réttindi:

a. að því er varðar alla hluta samræmdu skrárinnar sem hann beitir samkvæmt ákvæðum þessa samnings, eða

b. fram að þeim degi er samningurinn gengur í gildi gagnvart honum samkvæmt ákvæðum 13. gr., að því er varðar alla hluta samræmdu skrárinnar sem hann er skuldbundinn til að beita á þeim degi samkvæmt ákvæðum þessa samnings, eða

c. að því er varðar alla hluta samræmdu skrárinnar, enda hafi hann formlega skuldbundið sig til að beita samræmdu skránni með fullum sex tölutáknum innan þeirra þriggja ára tímamarka sem tilgreind eru í 5. tl. 4. gr. og til loka þeirra tímamarka.

Article 17

Rights of Contracting Parties in respect of the Harmonized System

On any matter affecting the Harmonized System, paragraph 4 of Article 6, Article 8 and paragraph 2 of Article 16 shall confer rights on a Contracting Party:

(a) in respect of all parts of the Harmonized System which it applies under the provisions of this Convention; or

(b) until the date when this Convention enters into force in respect of it in accordance with the provisions of Article 13, in respect of all parts of the Harmonized System which it is obligated to apply at that date under the provisions of this Convention, or

(c) in respect of all parts of the Harmonized System, provided that it has formally undertaken to apply the full six-digit Harmonized System within the period of three years referred to in paragraph 5 of Article 4 and until the expiration of that period.

18. gr.

Fyrirvarar

Engir fyrirvarar við samning þennan skulu leyfðir.

Article 18

Reservations

No reservations to this Convention shall be permitted.

19. gr.
Tilkynningar aðalritarans

Aðalritarinn skal tilkynna samningsaðilum, öðrum ríkjum sem undirrita samninginn, ríkjum sem eru meðlimir ráðsins en ekki aðilar að samningi þessum, og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um eftirfarandi:

a. Tilkynningar samkvæmt 4. gr.

b. Sérhverja innritun, fullgildingu og aðild sem kveðið er á um í 12. gr.

c. Gildistökudag samningsins samkvæmt 13. gr.

d. Tilkynningar samkvæmt 14. gr.

e. Uppsagnir samkvæmt 15. gr.

f. Breytingartillögur við samninginn samkvæmt 16. gr.

g. Mótmæli er varða breytingartillögur samkvæmt 16. gr. og afturköllun þeirra þegar það á við.

h. Breytingar sem samþykktar eru samkvæmt 16. gr. og gildistökudag þeirra.

Article 19
Notifications by the Secretary General

The Secretary General shall notify Contracting Parties, other signatory States, Member States of the Council which are not Contracting Parties to this Convention, and the Secretary General of the United Nations, of the following:

(a) Notifications under Article 4;

(b) Signatures, ratifications and accessions as referred to in Article 12;

(c) The date on which the Convention shall enter into force in accordance with Article 13;

(d) Notifications under Article 14;

(e) Denunciations under Article 15;

(f) Amendments to the Convention recommended under Article 16;

(g) Objections in respect of recommended amendments under Article 16, and, where appropriate, their withdrawal; and

(h) Amendments accepted under Article 16, and the date of their entry into force.

20. gr.
Skrásetning hjá Sameinuðu þjóðunum

Samningur þessi skal, að ósk aðalritara ráðsins, skráður hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ákvæðum 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Article 20
Registration with the United Nations

This Convention shall be registered with the Secretariat of the United Nations in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations at the request of the Secretary General of the Council.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

In witness thereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Gjört í Brussel 14. júní 1983 á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir, í einu frumriti sem afhent skal til vörslu hjá aðalritara ráðsins, sem dreifa skal staðfestum eftirritum til allra ríkja og tolla- eða efnahagsbandalaga sem getið er um í 11. gr.

Done at Brussels on the 14th day of June 1983 in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single original which shall be deposited with the Secretary General of the Council who shall transmit certified copies thereof to all the States and Customs or Economic Unions referred to in Article 11.

BÓKUN UM BREYTINGU
á alþjóðlega samningnum um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá

(gerð í Brussel 24. júní 1986)

Aðilar að samningnum um stofnun Tollasamvinnuráðsins, sem undirritaður var í Brussel 15. desember 1950, og Efnahagsbandalag Evrópu,

PROTOCOL OF AMENDMENT
to the International Convention on the Harmonized Commodity Description and Coding System

(done at Brussels on 24 June 1986)

The Contracting Parties to the Convention establishing a Customs Co-operation Council signed in Brussels on 15 December 1950 and the European Economic Community,

sem hafa í huga, að æskilegt er að alþjóðlegi samningurinn um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá (gerður í Brussel 14. júní 1983), gangi í gildi 1. janúar 1988,

sem hafa í huga, að óvissa muni ríkja um gildistöku umrædds samnings við þá dagsetningu, nema 13. gr. samningsins verði breytt,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Í stað 1. tl. 13. gr. alþjóðlega samningsins um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá, sem gerður var í Brussel 14. júní 1983 (sem hér eftir verður nefndur „samningurinn"), komi eftirfarandi texti:

„1. Samningur þessi skal ganga í gildi hinn 1. janúar er næst kemur, eftir að minnst 17 ríki eða tolla- eða efnahagsbandalög sem getið er um í 11. gr. hér að framan hafa undirritað hann, án fyrirvara um fullgildingu eða hafa afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín til vörslu, en þó ekki fyrr en 1. janúar 1988."

2. gr.

A. Þessi bókun skal ganga í gildi samtímis samningnum, að því tilskildu að minnst 17 ríki eða tolla- eða efnahagsbandalög sem getið er um í 11. gr. samningsins hafi afhent staðfestingarskjöl sín varðandi bókunina til vörslu hjá aðalritara Tollasamvinnuráðsins. Ekkert ríki eða tolla- eða efnahagsbandalag má þó afhenda staðfestingarskjöl sín varðandi þessa bókun, nema það hafi áður eða á sama tíma undirritað samninginn án fyrirvara um fullgildingu eða hafi áður eða á sama tíma afhent fullgildingar- eða aðildarskjöl sín varðandi samninginn.

B. Sérhvert ríki eða tolla- eða efnahagsbandalag sem gerist aðili að samningnum eftir að þessi bókun er gengin í gildi skv. A-lið hér að framan, skal vera aðili að samningnum eins og honum er breytt með bókuninni.

Considering that it is desirable to bring the International Convention on the Harmonized Commodity Description and Coding System (done at Brussels on 14 June 1983) into force on 1 January 1988,

Considering that, unless Article 13 of the said Convention is amended, the entry into force of the Convention on that date will remain uncertain,

Have agreed as follows:

Article 1

Paragraph 1 of Article 13 of the International Convention on the Harmonized Commodity Description and Coding System done at Brussels on 14 June 1983 (hereinafter referred to as "the Convention") shall be replaced by the following text:

"1. This Convention shall enter into force on the earliest first of January which falls at least three months after a minimum of seventeen States or Customs or Economic Unions referred to in Article 11 above have signed it without reservation of ratification or have deposited their instruments of ratification or accession, but not before 1 January 1988."

Article 2

A. The present Protocol shall enter into force simultaneously with the Convention provided that a minimum of seventeen States or Customs or Economic Unions referred to in Article 11 of the Convention have deposited their instruments of acceptance of the Protocol with the Secretary General of the Customs Co-operation Council. However, no State or Customs or Economic Union may deposit its instrument of acceptance of the present Protocol unless it has previously signed or signs at the same time the Convention without reservation of ratification or has previously deposited or deposits at the same time its instrument of ratification of, or of accession to, the Convention.

B. Any State or Customs or Economic Union becoming a Contracting Party to the Convention after the entry into force of the present Protocol under paragraph A above shall be a Contracting Party to the Convention as amended by the Protocol.